



# BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

## Ársskýrsla 2023



Forsíða	1
Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2023	3
Starfsfólk	5
Húsakynni	7
Viðgerðir og viðhald	8
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	8
Aðstaða til varðveislu	10
Rannsóknir og miðlun þeirra	11
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2023	12
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	20
Kirkjubær	21
Rjórabúið á Baugstöðum	21
Efling fræðslustarfs	22
Safnaráð	24
Samstarf	24
Fundir, námskeið og ráðstefnur	26
Kynningar- og markaðsmál	26
Héraðsnefnd og stjórn	27
Um rekstur og fjárhag safnsins 2023	29

[www.byggdasafn.is](http://www.byggdasafn.is)

info@byggdasafn.is

*Ljósmyndir í skýrslunni voru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.  
Forsíðumyndin var tekin í ágúst 2023 af Bjarka Guðmundssyni ljósmyndara í garði Hússins á  
Eyrarbakka.*

## Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga árið 2023 var með hefðbundnu sniði. Öflugt starf var unnið eftir stofnskrá á sviði varðveislu, skráningar, sýninga og innra starfs. Haldið var upp á 70 ára afmæli safnsins með ýmsum hætti og haldnar veglegar sýningar.

Í stofnskrá safnsins segir um hlutverk þess: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“ Safnað er eftir söfnunarstefnu. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is). Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Á undanförunum árum hefur verið áttak í gangi um myndvæðingu færslna í Sarpi.


Helstu verkefni ársins voru Ásgrímsleiðin og sýningin „Drengurinn, fjöllin og Húsið“ um mótunarár Ásgríms Jónssonar listmálara. Í september opnaði sýningin „70 sögur af safni“ í borðstofu. Kirkjubær var opinn um leið og Húsið. Beitningaskúrinn var opnaður eftir eftirspurn. Gestir í safnið urðu 6.450 talsins. Salur Búðarstígs 22 var vel nýttur á árinu.

Á vettvangi stjórnar safnsins var starfsemin til umræðu og fundaði stjórnin í sjö skipti.



## Opnunartími og gestafjöldi 2023

Opið var um páska og á menningarhátíðinni Vor í Árborg. Sumaropnun hófst 1. maí og var opið til 30. september. Opið var um helgar í október. Opið var þrjár helgar á jólaaðventu. Almennur aðgangseyrir var kr. 1.500. Boðið var upp á ársmiða.



Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2023 urðu 6.450 þar af 1.469 erlendir og 470 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin og á viðburði á vegum safnsins árið 2022 urðu 6.003 þar af 1.494 erlendir og 774 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2021 varð 3.880 þar af 629 erlendir og 875 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2020 varð 1.306 þar af 210 erlendir og 460 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2019 varð 5.580, þar af 1.370 erlendir og 445 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áreiðanleg talning starfsmanna. Dagbók er haldin í Húsinu á Eyrarbakka þar sem merkt er við hvern og einn gest.

Gestir komu á auglýstum tímum. Gestir komu á opnanir og viðburði og mikil aðsókn var að safninu á Jónsmessuhátíð Eyrbekkinga í júní. Skólahópar komu jafnt og þétt allt árið en einkum í lok maí og á aðventu. Jóladagskráin var vel sótt. Ýmsir ferðaþjónustuaðilar komu með hópa á safnið aftur og aftur. Hópaheimsóknir eru örar og taka starfsmenn safnsins vel á móti þeim.

Salur Búðarstígs 22 var vel nýttur á árinu. Þar eru eldri borgarar á Eyrarbakka með aðstöðu tvisvar í viku og Ungmennafélagið á Eyrarbakka spilar félagsvist vikulega yfir vetrartímann. Á vegum safnsins var boðið upp á almenna fyrirlestra og móttökur fyrir ýmsa skólahópa. Margir viðburðir og fundir voru



Húsasmíðanemar frá Fjölbrautaskóla Suðurlands hlýða á Magnús Karel Hannesson segja frá húsasögu Eyrarbakka.

Þar sem ekki voru á vegum safnsins. Salurinn hentar vel í allskonar veislur og í salnum var barn skírt í maí. Stjórn safnsins heldur sína fundi í salnum og starfsmenn safnsins halda þar vinnufundi og eiga þar oft fundi með þeim sem koma í þeim erindagjörðum að gefa merka muni á safnið. Gestabók er í Búðarstíg 22 og skrifuðu 486 í hana á árinu. Margir komu sem ekki skrifuðu í gestabókina. Nokkrir hópar komu gagnert í þeim erindagjörðum að skoða innri aðstöðu safnsins. Fyrir starfseminu í salnum og í borðstofu Hússins var á árinu keyptur skjávarpi og sýningatjald. Salur Búðarstígs 22 er nauðsynleg stoð fyrir starfsemi safnsins og jafnframt góð aðstaða fyrir margskonar viðburði.

## Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, MA í hagnýtri menningarmiðlun og viðbótar-diploma í safnafræði, *safnstjóri* í 100% stöðu. Lýður hefur starfað við safnið frá árinu 1992. Starfssvið safnstjóra er víðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfseminu og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Ber einnig ábyrgð á að viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Baugsstöðum.

Linda Ásdísardóttir, íslenskufraeðingur BA og safnfræðingur MA, *safnvörður* í 100% stöðu. Hefur starfað við safnið frá 2008 með hléum. Starf Lindu er víðtækt en á árinu vann hún m.a. að uppsetningu

sýninga, myndvæðingu safnmuna í Sarp, textagerðar fyrir nýjan kynningabækling og nýja heimasíðu og við markaðskygningu á samfélagsmiðlum.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir íslenskufraeðingur BA og safnafræðinemi kom til starfa 2. mars 2020. Starfsheiti hennar er *safnvörður* og starfar hún með safnstjóra að faglegum störfum safnsins. Á árinu vann hún einkum að Ásgrímsleiðinni, gerð sýningarinnar Drengurinn, fjöllin og Húsið og eflingu fræðslustarfsemi safnsins. Hún var í fullu starfi til 30. september en í 60% starfshlutfalli frá 1. október að eigin ósk.



**Flestallt starfsfólk safnsins sumarið 2023. Frá vinstri: Lýður Pálsson, Ragnhildur E. Sigfúsdóttir, Elín Karlsdóttir Kristina Sveinsson, Freyja Katra Erlingsdóttir, Gideon Leo Ragnarsson, Linda Ásdísardóttir og Þórey Eypórsdóttir. Fjarstödd var Guðrún Magnúsdóttir. Ljós. Magnús Karel Hannesson.**

Fagmenntaðir starfsmenn Byggðasafns Árnesinga eru þrír og starfa allt árið við að reka safnið. Auk þess voru eftirtaldir í hlutastörfum, aðallega við sýningargæslu og leiðsögn:

Freyja Katra Erlingsdóttir hefur starfað við safnið á sumrin í rúman áratug. Hún sá um að halda Rjórabúinu á Baugsstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst og tók á móti hópum á öðrum tímum. Hún sat jafnframt vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu.

Þórey Eypórsdóttir vann í gæslu og leiðsögn í Húsinu og Sjóminjasafninu yfir sumarið. Einnig um páskana, í október og á aðventu. Hún hefur aðstoðað við fleiri þætti í starfseminni eftir þörfum.

Elín Karlsdóttir framhaldsskólanemi vann við gæslu einkum í Húsinu yfir sumarið.

Gideon Leó Ragnarsson framhaldsskólanemi vann við gæslu í Sjóminjasafninu yfir sumarið.

Guðrún Magnúsdóttir vann við gæslu og leiðsögn einkum í Húsinu yfir sumarið, um haustið og á aðventu.

Kristina Sveinsson er ræstitæknir safnanna.

Guðlaugur Gunnar Jónsson var safninu mikil hjálparhella er kom að umsýslu safnmuna, einkum bifreiða og véla sem safnið varðveitir. Hann kom stöku sinnum til safnsins þegar mikið lá við.

Hjónin Ásmundur Þórir Ólafsson og Súsanna Torfadóttir sáu um umhirðu Kirkjubæjargarðs.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er öryggisvörður safnsins. Hann er fyrstur á vettvang ef það koma boð frá öryggiskerfum fjögurra safnhúsa.

## Húsakynni

Tíu hús, stór og smá, tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öllu leyti. Engar breytingar urðu á húsnæðismálum safnsins á árinu 2023.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúririnn og útihúsin. Húsið, Assistentahúsið og útihúsin eru hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en rekin af Byggðasafni Árnesinga. Eggjaskúririnn var endurbyggður árið 2004 af Byggðasafni Árnesinga.

Kirkjubær, lítið timburhús vestan Hússins á Eyrarbakka, var keypt af safninu 2011, gert upp og opnað til sýningar 2016.

Árið 2019 fjárfesti Byggðasafn Árnesinga í Búðarstíg 22 sem er 1704 fm að stærð. Hafnarbrú 3 var látin upp í kaupin. Búðarstígur 22 var gerður upp á árunum 2019 til 2021 og aðlagður að þörfum safnsins.



Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59 og Beitningaskúrin við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald búðarinnar og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjómabúsins á Baugsstöðum en safnið sér alfarið um rekstur Rjómabúsins fyrir hönd stjórnar þess.

## Viðgerðir og viðhald

Gert var við glugga Assistentahússins um sumarið. Smiðirnir Stefán Bragi Sigurðsson og Guðjón Ingólfsson gerðu við járn og lamir á gluggum. Einnig skiptu þeir um rennur og niðurföll á Eggjaskúrnum. Málningu á Assistentahúsinu var frestað um ár og einnig tjörgun á Húsinu, sem og viðgerð á skorsteini Assistentahússins. Gert var við brunninn við Húsið til bráðabirgða. Ýmis smá viðhaldsverk voru einnig unnin þegar þörf var á.

Móttakan í Húsinu á Eyrarbakka fékk andlitslyftingu. Safnið fékk að gjöf skáp sem var gerður upp. Hann nýtist í dag fyrir söluvörur í vísí að safnbúð þar sem afgreiðslan er.

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919, fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna en hjallurinn er frá tímum Kaupfélagsins Heklu sem átti Húsið frá 1919 til 1925. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steiptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Viðgerðir stóðu yfir árin 2012 til 2017 en er ólokið. Byggðasafn Árnesinga nýtir eitt útihúsanna sem smiðjur fyrir fjölskyldufólk. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga verði með viðeigandi safnmuni þar til sýnis í framtíðinni.



**Stefán Bragi og Guðjón laga glugga í júlí 2023.**

## Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

Á árinu 2022 fékk safnið styrk frá Safnasjóði til að móta nýja varðveislustefnu og einkum er varðar grisjun á safnkosti. Grisjun getur farið fram á marga vegu. Hægt er að skila gripum til gefenda eða aðstandenda þeirra, hægt er að fela öðru safni varðveislu gripsins, hægt er að afskrá grip og gera að leikmuni í safnfræðslu. Svo er hægt að farga safngrip ef engin saga er til um gripinn, hann ekkert sérstakur og mörg eintök til af samskonar gripum. Einnig ef lélegt ástand er á grip þannig að ekki sé



hægt að gera við eða hafa á sýningu. Um þetta þurfa að vera skýrar reglur og vinnulag. Lilja Árnadóttir fyrrum starfsmaður Þjóðminjasafns Íslands var fengin til ráðslags og yfirför drög safnstjóra að grisjunarstefnu snemma á árinu. Nýja heildarstefnu með grisjunarstefnu á eftir að staðfesta í stjórn safnsins.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu eða snjallsíma geta þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og mynda gripir og ljósmyndir fyrir Sarp.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp og þeir auðkenndir með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira sem skiptir máli varðandi sögu hans og útlit.



**Trafaöskjur frá 18. öld, síðast á Hæringsstöðum í Stokkseyrarhreppi. Gefið til safnsins á árinu af Þórdísi Kristjánsdóttur.**

nýskráðra muna árið 2023 voru 72. Í Sarpi eru jafnframt skráðar 138 bækur, 25 listaverk, 69 skjöl sem tengjast öðrum safnkosti og ein spurningaskrá. Í þessum tölum eru innifaldir munir og ljósmyndir Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Tónminjaseturs Íslands. Fyrirhugað er að skrá safnkost Byggðasafns Ölfus í Sarp á árinu 2024 en einn gripur hefur verið skráður nú þegar.

Unnið er öðru hverju við að setja ljósmyndir af munum og gömlum ljósmyndum í Sarp svo að safnkostur verði sýnilegur á netinu. Átak hefur verið í gangi undanfarin ár með tilstyrk Safnaráðs. Staðan í árslok 2023 var þessi: Á ytri vef Sarps eru birtar 6.620 ljósmynda færslur, þar af 3.994 með viðhengdri mynd. Á ytri vef Sarps eru birtar 7.500 munafærslur, þar af 3.825 með viðhengdri mynd. Fleiri munir og ljósmyndir verða sýnilegir á næstu árum eftir því sem tími og fjármagn leyfir.

Tekið var við 32 afhendingum við söfnin á árinu 2023, um 120 gripum. Nær eingöngu munir, en örfá skjöl og ljósmyndir. Óskum um viðtöku ljósmynda og skjala er vísað á Héraðsskjalasafn Árnesinga. Tekið er við gripum í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.

Í árslok 2023 voru flest aðföng frá 2021 til ársloka 2023 óskráð og má fljótlega vænta átaks í skráningu síðustu ára.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2023:

Fjöldi ljósmynda voru 6.598 og 27 nýskráðar á árinu, fjöldi fornleifa voru 916, fjöldi minjasvæða/jarða voru 80, engar nýskráningar á árinu.

Fjöldi muna voru 7.488, fjöldi

Á árinu 2023 var eytt út öllum tví-, þrí- og jafnvel fjórskráningum á sömu munum og ljósmyndum sem slæðst höfðu með við skráningu í Sarp á sínum tíma. Var það einkum gert vegna yfirfærslu skráningar í nýtt skráningarkerfi hjá Sarpi. Fjöldi færslna sem var eytt var 219, einkum ljósmyndir.

Meðal muna sem bárust á árinu 2023 má nefna hnakk smíðaðan af Ólafi Sigurðssyni á Stað, þrjár deigjur og sérstæð smíðaverkfæri úr fórum Jóns Gestssonar og sona hans Kristjáns og Gests í Villingaholti, stýri af Meitils-bát úr Þorlákshöfn, málverk eftir Matthías Sigfússon af Þingvöllum, trafaöskjur frá 1727 sem voru á Hæringsstöðum en upprunnar á Snæfellsnesi, barnavöggu frá Pálsbæ á Eyrarbakka, vasaúr Guðmundar Lýðssonar (1867-1965) bónda í Fjalli á Skeiðum, hrærivél úr búi Sigrúnar Guðmundsdóttur og Bergsteins Kristjánssonar á Laugarvatni, ámálaður platti af Ásum í Gnúpverjahreppi, rúmfjöl frá Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi og ljósakróna smíðuð af Hirti Leó Jónssyni á Eyrarbakka.

**Gefendur 2023** voru Guðni Þór Ágústsson Þorlákshöfn, Einar Hansson Selfossi, Guðmundur Þorsteinsson Þorlákshöfn, Bjarnfinnur Ragnar Jónsson Selfossi, Sigbór Elíasson, Þórdís Kristjánsdóttir frá Skógsnesi, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir Selfossi, Jóhann E. Þórarinsson Eyrarbakka, Jón Haraldsson, Jón Gunnar Gíslason, Vigdís Jónsdóttir, Júlíanna María Nílsen, Þóroddur Hjálmar Gunnarsson, Jón Kristinsson, Halla Kjartansdóttir og Erlendur Jónsson, Ari Bergsteinsson, Þórunn Kristjánsdóttir Vatnsenda, Ingibjörg Ólafsdóttir Hveragerði, Gunnar Sigurgeirsson ljósmyndari, Ásdís, Þorleifur og Anna Friðriksbörn, Þorsteinn og Einar Ólafssynir, Þórarinn Th. Ólafsson Eyrarbakka, Brynjólfur G. Brynjólfsson frá Litlu-Háeyri, Ólafía Sigurðardóttir Selfossi, Súsanna Oddsdóttir, Sveitarfélagið Árborg, Auðbjörg Guðmundsdóttir, Óskar Magnússon, Jensína Kristín Gísladóttir og Halla Emilsdóttir.

## Aðstaða til varðveislu

Varðveisluaðstaða Byggðasafns Árnesinga er í rúmgóðum og snyrtilegum sölum í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Þar hefur safnið verið með varðveisluádstöðu frá 2020 og frá 2021 alfarið. Þar fer vel um safnkostinn og aðstaða framúrskarandi til rannsókna og annar umsýslu safnmuna. Á árinu var hafinn vinna við gerð staðsetningarskrár fyrir safnkost. Staðsetningarskrá fyrir smærri safnkost í öskjum hefur lengi verið til staðar en nú mun hún ná til stærri gripa en gerð staðsetningarskrár er tímafrekt verkefni. Einnig var gerð neyðaráætlun fyrir Búðarstíg 22.

Eins og fram hefur komið á undanförunum árum gerði Safnaráð, sem er m.a. eftirlitsstofnum með viðurkenndum söfnum, úttekt haustið 2016 á aðbúnaði safngripa á sýningum og í varðveisluádstöðu Byggðasafns Árnesinga. Komu niðurstöður



Safnaráðs í greinargerð í mars 2017 og var ýmissa úrbóta þörf bæði á sýningum og í varðveislu. Síðan þá hefur grettistaki verið lyft í varðveislumálum Byggðasafns Árnesinga. Eftirfylgni var með skýrslunni og kom forvörður Safnaráðs í heimsókn í mars 2021 og aftur í september 2022 og skilaði

greinargerðum eftir hvora heimsókn. Þær voru kynntar í stjórn safnsins. Í eftirfylgnigreinargerðunum voru aðfinnsluatriði fá og smávægileg og hefur verið brugðist við athugasemdunum. Í lokaniðurstöðum síðari greinargerðarinnar segir: „Flutningur Byggðasafns Árnesinga í nýtt varðveisluhúsnæði hefur tekist mjög vel, húsnæðið er til fyrirmyndar og þar fer vel um safnkost safnsins, og stöðugt er unnið að úrbótum. Settar hafa verið UV-filmur í Húsið, eins og eftirlitsaðili mælti með. Byggðasafn Árnesinga hefur formlega lokið 2. hluta eftirlits safnaráðs með viðurkenndum söfnum.“


## Rannsóknir og miðlun rannsókna

Á árinu 2023 voru rannsóknir margþættar og mátti sjá árangurinn á haustsýningu safnsins.

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið Húsið á Eyrarbakka sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð frá árinu 2012. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í fróðlegum sýningartexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og bjartsýns samfélags á millistríðsárunum.



**Aðfangabók Skúla Helgasonar er undirstaða margra rannsókna við safnið. Þar eru skráð öll aðföng frá 1953 til 1970.**

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynslu fólks af sínum samtíma.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af

einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þess í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum, samfélagsmiðlum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á samfélagsmiðlum er afrakstur rannsóknarstarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir í langferðabílum um Flóann.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður hefur nýtt þekkingu sína af fræðslu og kennslu við miðlun og rannsóknir í safninu. Í mars 2020 var lögð fram fræðslustefna Byggðasafns Árnesinga þar sem lögð er áhersla á samstarf safnsins við kennara og stjórnendur skóla héraðsins við gerð og þróun hinna ýmsu fræðsluverkefna sem kallast á við viðfangsefni nemenda í sínu námi. Markmiðið er að safnið og safnkostur þess gagnist skólastarfinu og nærsamfélaginu. Sömuleiðis að leggja grunn að lifandi samstarfi og tengslaneti safnsins við skóla á öllum skólastigum í héraðinu.

Linda Ásdísardóttir hefur lagt rækt við rannsóknir á sögu ljósmyndara, einkum kvenna sem stunduðu ljósmyndatöku fyrr á tímum. Hún sinnir jafnframt rannsóknum í tengslum við sýningar safnsins og skráningu nýrra aðfanga.

Á árinu 2023 fóru fram rannsóknir á ýmsum safngripum sem kynntir voru á haustsýningu safnsins „70 sögur á safni“. Allir fagmenntaðir starfsmenn safnsins tóku þátt í rannsóknunum og niðurstöður rannsókna birtust í fræðandi sýningartextum og litlum bæklingi. Rannsóknir í tengslum við sýninguna voru mjög mikilvægar. Þar fór fram gagnavinna og færði starfsfólki betri sýn á umfang safnkosts úr öllum hlutum sýslunnar. Sýningartextar voru svo færðir sem ítarefni í gagnagrunninn Sarp og styrkti miðlun safnsins á viðkomandi gripum til almennings.




Drengurinn, fjöllin og Húsið. Glæsileg sýning í borðstofu um æsku og mótunarár Ásgríms Jónssonar listmálara.

## Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2023

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka, Kirkjubæ, Beitningaskúrnum við Óðinshús og í Sjóminjasafninu að Túngötu 59. Safngripir frá Byggðasafni Árnesinga eru lánaðir á 15 staði á

Suðurlandi. Er það liður í miðlun safnsins. Aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga er sýnileg í ytri gátt Sarps og því einnig liður í miðlun safnsins. Ákveðið rými í safnhúsunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum. Viðburðir urðu ýmist sýningaropnanir, tónleikar, upplestrar, fyrirlestrar og danssýning.

**Rattleikur.** Rattleikur sem gefinn var út árið 2019 var afhentur skólahópum og yngri safngestum allt árið. Leikurinn fer með gesti um öll safnhúsin á Eyrarbakka sem eru Húsið, Eggjaskúr, Kirkjubær og Sjóminjasafn. Fram undan er að færa rattleikinn yfir á ensku svo að fleiri safngestir geti notið hans.



**Ásgrímsleiðin.** Efnt var til samstarfs Byggðasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Listasafns Íslands um að kynna skemmtilega leið um Suðurland, á slóðir Ásgríms Jónssonar listmálara. Húsið á Eyrarbakka var heimili Ásgríms á mótunarárum í æsku, Listasafn Árnesinga varðveitir 23 málverk eftir Ásgrím og Listasafn Íslands sér um Ásgrímssafn á heimili Ásgríms að Bergstaðastræti 73 í

Reykjavík. Verkefnið fékk styrki frá Safnaráði og Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Fyrir styrkina var gefinn út bæklingur og farnar tvær skipulagðar ferðir um Ásgrímsleiðina og leiðin auglýst í fjölmiðlum. Boðsferð var farin 1. apríl og önnur ferð var farin 22. apríl, leiðsögumaður var Hannes Stefánsson en Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir var verkefnisstjóri. Þann 1. apríl þá var lagt af stað frá Húsinu á Eyrarbakka í troðfullri rútu frá GTS og ekið gegnum Eyrarbakka og Stokkseyri, að Gauverjabæ þar sem kirkjan var skoðuð og grafreitir Ásgríms sem kaus sér þar legstað, þá var ekið að Timburhólaskógi og litið á minnisvarða um Ásgrím en fæðingarstaðurinn Rútsstaða-Suðurkot er þar rétt norðar. Þá var ekið um Selfoss til Hveragerðis og stoppað í Listasafni Árnesinga þar sem sýningin Hornsteinn var uppi en þar mátti sjá tvo tugi málverka eftir Ásgrím. Þá var ekið um Ölfusið á Eyrarbakka og sýningin „Drengurinn, fjöllin og Húsið“ opnuð með pomp og prakt. Verkefnið tókst mjög vel og fengu söfnin góða athygli og aðsókn þeirra sem þræddu Ásgrímsleiðina um sumarið.

**Drengurinn, fjöllin og Húsið.** Páskasýningin, sem opnaði 1. apríl stóð til ágústloka, hún fjallaði um æsku og mótunarár Ásgríms Jónssonar listmálara. Æskuárin í lífi Ásgríms Jónssonar listmálara er þráður í sýningunni. Ásgrímur var fæddur 1876 í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa en fór eftir fermingu í vist í Húsinu á Eyrarbakka og var vikapiltur hjá factorsfjölskyldunni. Sagt er að vistin þar og svo umhverfi, náttúra, fjölskylda, uppeldi, sveitungar og menning hafi mótað ungan listamann. Þetta er hluti af sögu Árnessýslu, saga drengs sem fylgdi hjartanu. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir var verkefnisstjóri sýningarinnar, hönnuður sýningarinnar var Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahönnuður og Sýlvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður. Fjölmenni var við opnunina og sýningin fjölsótt til enda sýningatímans.





**Þjóðdansafélag Reykjavíkur á stétt Lambertsens kaupmanns fyrir framan Húsið á Eyrarbakka á Jónsmessuhátíð 2023.**

**Sjómanna dagurinn.** Á sjómanna deginum 4. júní var ókeypis í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Margir nýttu sér það.

**Sannleikssafnið.** Frásagnagleði og húnur var allsráðandi hjá krökkunum sem settu upp „Sannleikssafnið“ í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri við skólalok. „Sannleikssafnið“ var hluti af „Barnabær“ á þemadögum skólans. Til að undirbúa sig komu þau Francis Mosi, Jónas, Natan og Stefánía með kennara sínum Steingrími Þorbjarnarsyni í varðveisluhús Byggðasafns Árnesinga og skoðuðu öll sýningarhús safnsins til að fá innblástur. Þar tóku á móti þeim Anna Sönderström þjóðfræðingur og Linda Ásdísardóttir safnvörður. Fengu krakkarnir nokkra leikmuni til láns fyrir sýningu þeirra þar sem þau léku sér með hugmyndir um sannleik eða skáldskap í miðlun. Við þökkum þessu upprennandi safnafólki innilega fyrir skemmtilegt samstarf.

**Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka** var haldin laugardaginn 21. júní. Byggðasafn Árnesinga bauð upp á Þjóðdansafélag Reykjavíkur í garðinum við góðar undirtektir ungra sem aldinna auk fjölmiðla sem mynduðu herlegheitin. Malín Viðarson í Laugardælum kom með hest sinn og hestakerru og bauð upp á ferðir um þorpið. Gamli slökkvibíllinn og Ferguson-traktor Ólafs heitins í Mundakoti voru á rúntinum. Safnið var fjölsótt þennan dag og samsöngur var haldinn í stásstofunni í Húsinu um kvöldið undir röggsamri stjórn Heimis Guðmundssonar. Ungt fólk í verkefninu „Skapandi Árborg“ sýndu listaverk á veggjum útihúsa og fluttu tónlist. Andlitsmálun var í boði í fjárhúsinu.

**Haustsýning – 70 sögur af safni.** „70 sögur af safni“ var titill haustsýningar Byggðasafns Árnesinga sem opnuð var föstudaginn 15. september. Á sýningunni var lögð áhersla á að draga fram forvitnilega hluti með persónulega tengingu úr daglegu lífi fólks á 19. og 20. öld. Margir einstakir gripir voru á sýningunni líkt og þjóðbúningur sem Þórdís Símonardóttir ljósmóðir saumaði á eldri systur sína Ólöfu Ingibjörgu. Einnig líkan Sigurfinns Sigurðssonar af æskuheimili sínu Birtingaholti. Svo mátti sjá



**Sýningin 70 sögur af safni. Þar kenndi ýmissa grasa.**

fágæti eins og stólinn hennar Lofthænu, beintúttu frá Reykjadal og hrútsspeldi úr Þingvallasveit. Safngripir úr öllum gömlu hreppum Árnæssýslu voru á sýningunni. Sögurnar bak við gripina voru mismiklar og stundum nær horfnar. En sýningin var sneisafull af fróðleik og söguferðin kvíslaðist um allt safnið. Sýningin var unnin af starfsmönnum safnsins en sýningarstjóri var Linda Ásdísardóttir. Sýningin stóð fram í nóvember og var hluti af viðburðahaldi safnsins í tilefni 70 ára afmælis.

**Fyrirlestrar í október.** Þrír fræðingar hver á sínu sviði mættu og glöddu gesti með fróðleik. Umfjöllunarefni voru af ýmsum toga, glæpamenn, fræg bæjarhús og fornleifar. Fyrirlestrarir voru í sal Búðarstígs 22 og hluti af hátíðinni „Menningarmánuðurinn október“ á vegum Árborgar.

Fyrstur til að stíga á stökk var Jón M. Ívarsson sagnfræðingur með fyrirlesturinn *Glæpamenn í Flóanum* sem hann flutti sunnudaginn 7. október fyrir þéttsetnum sal. Jón sagði frá hinu sögufræga Kambráni og fór svo ítarlega yfir sögur af fjárvikurum sem fóru um Flóann snemma á síðustu öld. Það mál var gjarnan nefnt *Gaulverjabæjarmálið* og var umfjöllunarefni Jóns í bókinni *Í skugga Gaulverjabæjar* sem kom út 2022. Gestir sem á hlýddu kunnu sannarlega að meta stundina og sköpuðust líflegar umræður eftir fyrirlestur.

Næsta sunnudag þann 15. október kom Snorri Tómasson hagfræðingur og fræddi gesti um Rútsstaða-Suðurkot æskuheimili Ásgríms Jónssonar listamálara. Í fyrirlestri sínum *Skyggst um í Rútsstaðahverfi í Flóa* fjallaði hann um fjölskyldu Ásgríms og feril en einnig um rannsókn á húsaskipan í Suðurkoti út frá samtíma uppskriftum. Til samanburðar var málverk Ásgríms af Rútsstöðum árið 1956 og teikning af innri skipan þess bæjar. Sérstaklega var fjallað um feril málverks af Suðurkoti í eigu Snorra.





**Málverk Ásgríms Jónssonar af Rútsstaðahverfi í Flóa. Fæðingarbær hans Suðurkot er fremst á málverkinu. Málverkið er í eigu Snorra Tómassonar.**

Fornleifafræðingurinn Ragnheiður Gló Gylfadóttir rak svo lestina með fyrirlestirnum *Fornleifauppgröftur á Vesturbúðarhól* sunnudaginn 22. október. Vesturbúðarhóll er hluti af merkilegri þyrpingu minjastaða á Eyrarbakka og ber sögu þorpsins sem aðalverslunarstaðar Suðurlands í rúmar tvær aldir vitni. Frá árinu 2017 hafa staðið yfir fornleifarannsóknir á Vesturbúðarhólnum en áður en rannsóknir hófust mátti sjá óljós ummerki bygginga á nokkrum stöðum. Í fyrirlestirnum var farið yfir rannsóknina, fyrstu niðurstöður og næstu skref. Sigurjón Vídalín Guðmundsson formaður Vesturbúðarfélagssins sagði frá metnaðarfullum áformum félagsins um að endurbyggja Vesturbúðina á upprunalegum stað.

**Opið hús** var í Varðveisluhúsi safnsins að Búðarstíg 22 þann 29. október og var sótt af 300 manns. Grófmunasalurinn sem hýsir stóra gripi eins og bíla, báta og vélar var mikið aðdráttarafl en þar stóð Guðlaugur Jónsson, bílaáhugamaður vaktina. Gestir fengu svo að skoða önnur rými hússins í smærri hópum undir leiðsögn sérfræðinga safnsins þar sem innra starfið var útskýrt. Viðburðurinn er endurtekning frá fyrra hausti þegar var metaðsókn og er virkilega ánægjulegt að sjá hve mikinn áhuga fólk hefur á því að koma og fræðast um varðveislu safngripa. Byggðasafnið átti 70 ára afmæli á árinu og opið hús var síðasti viðburðurinn þar sem þeim áfanga var fagnað og þótti þess vegna vel við hæfi að bjóða gestum upp á rjómapönnukökur.

Opið hús var hluti af dagskrá safnsins á hátíðinni „Menningarmánuðurinn október“ á vegum Árborgar.

**Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga.** Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga byrjar ávallt með opnun jólasýningar og skáldastund í stásstofu Hússins. Á jólasýningunni skörtuðu gömlu jólatrén sínu fegursta í borðstofu og í stásstofu mátti hlýða á rithöfunda lesa úr nýjum verkum sínum. Eftirlíking elsta jólatrés Íslands var skreytt lyngi úr Snæfoksstaðaskógi og sáu nemendur 10. bekkjar Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri um það. Sýningin var opin á auglýstum tímum þrjár helgar í nóvember og desember og fyrir hópa á öðrum tímum fram á þrettánda. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti dagskrána. Á sama tíma og safnið var opið á aðventunni var jólatorg á planinu fyrir vestan Húsið.

**Samstarf við Grunnskólann í Þorlákshöfn.** Ómissandi hluti af upptakti jólanna á Byggðasafni Árnesinga er samtarf safnsins og skóla í nærsamfélaginu. Í ár var unnið með nemendum 4. bekkjar í Grunnskólanum í Þorlákshöfn og er óhætt að segja að samstarfið hafi verið gjöfult. Ragnhildur, safnvörður, heimsótti skólann í nóvember og afhenti þeim þrjár eftirgerðir af jólatré frá Miðengi úr safneign. Við það tilefni var spjallað um jólin fyrr og nú, og hvað einkenndi hátíðina. Það stóð ekki á svörum áhugasamra nemenda og var stundin notaleg, fróðleg og skemmtileg.

Trén voru síðan sett upp á jólasýningu safnsins og nutu sín vel innan um gömlu jólatrén. Byggðasafn Árnesinga á úrval jólatrjáa, þar á meðal elsta varðveitta spýtujólatré landsins og aðra sannkallaða gullmola.

Verkefnið „Jólatré í skólastofu“ var nú unnið í fjórða sinn en áður hefur safnið fengið til samstarfs við sig nemendur úr Flóaskóla, Vallaskóla og Menntaskólanum að Laugarvatni með stórskemmtilegum afrakstri.



**Skáldastund í stásstofu.** Árlega er boðið upp á samverustund með rithöfundum og skáldum þar sem lesið er það nýjasta sem út kemur. Skáldastundin var 26. nóvember þetta árið. Þarna fengu gestir brot af ólíkum ritsmíðum eftir fjölbreyttan hóp. Þau sem lásu upp úr nýjum bókum sínum voru Jónína Óskarsdóttir, Lilja Árnadóttir, Nanna Rögnvaldardóttir, Ófeigur Sigurðsson og Sölvi Björn Sigurðsson. Jónína, bókavörður sem á ættir að rekja til Eyri og Ásabergs á Eyrarbakka las úr viðtalsbók sinni „Konurnar á Eyrarbakka, sitthvað af konu minni hverri“. Lilja Árnadóttir

kynnti bókina „Með verkum handanna“ sem fjallar um íslenskan refilsaum fyrri alda eftir textíl- og búningafræðinginn Elsu E. Guðjónsson. Lilja fyrrum sviðsstjóri Þjóðminjasafns er jafnframt ritstjóri bókarinnar. Nanna Rögnvaldardóttir sem er landsþekkt fyrir matreiðslubækur sínar las úr sinni fyrstu skáldsögu „Valskan“. Ófeigur Sigurðsson sem hefur oft fengist við söguna í verkum sínum las úr bók sinni „Far heimur, far sæll“ þar sem rannsókn á Kambráninu fræga er færð í nýjan búning. Tvær bækur koma úr smiðju Sölva Björns Sigurðssonar þetta árið, ljóðabókin „Anatomía fiskanna“ og skáldsagan „Melankólía vaknar“. Skáldastundin var fjölsótt.

**Barnaskáldastund.** Sævar Helgi Bragason, Stjörnu-Sævar og Örn Árnason leikari stýrðu barnabókastund í bláu stofunni 3. desember. Stjörnu-Sævar, hefur skrifað fjölmargar bækur fyrir börn og unglunga um geiminn, stjörnur og vísindi. Örn Árnason hefur gjarnan verið nefndur afi allra landsmanna og þekktur fyrir afalega sögustund, þar sem blandað er saman sögum og tónlist. Fjöldi barna hlýddu á þá og skemmtu sér konunglega.

**Jólalegir tónleikar með Kira-Kira.** Unnendur jaðartónlistar fengu að heyra frumlega tónlist með jólalegu ívafi sunnudaginn 10. desember. Kristín Björk Kristjánsdóttir sem hefur listamannsnafið Kira-Kira og er búsett á Stokkseyri flutti tónlist með mörgum hljóðfærum og seiðandi rödd sinni í stásstofunni.



Kira-Kira breiddi úr sér í stásstofunni á tónleikum 10. desember.

**Skapað í smiðju.** Fjórar sjálfbærar árstíðarbundnar smiðjur voru í gamla fjárhúsinu við Húsið á árinu. Markmiðið er að þær verði fimm talsins. Þar var páskasmiðja þar sem gestir mála egg yfir hátíðina, boðið upp á gróðursetningu blóma að vori, smíðað í smiðju um hásumar og kúmenvinnsla var í boði að hausti. Markmiðið er að tóvinna verði í boði um jólin. Verkefnið sameinar margar tilraunasmíðjur í heildstæða safnasmiðju. Safnið vill verða sjálfsagður valkostur fjölskyldunnar sem afþreying og vinnusmiðjur styrkja það markmið. Smiðjuverkefnið er styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurlands og mun vaxa enn frekar á komandi ári.

„Páskaegg í lit“ opnaði í fjárhúsinu á skírdag. Gestir, ungir og gamlir, gátu málað og skreytt hænuegg í tilefni páska. Smiðjan var sjálfbær, allt efni á staðnum og hún var opin alla páskahelgina á sama tíma og safnið.

„Blóm í mold“ var í boði fyrir alla safnagesti frá sumardegnum fyrsta og fram á sumar. Gestir fá blómafræ frá starfsfólki safnsins og gróðursetja og taka með sér heim eða skilja eftir. Fólk hafði mikla ánægju af því að njóta samveru í fjárhúsinu og setja fingur í mold.

„Krassandi kúmen“ var síðsumarsmiðja í fjárhúsinu og gafst gestum færi á að tína það villikúmen sem vex um og í kringum safnahúsin.

Smíðasmiðja var sett upp í fjárhúsið á haustdögum til að gefa fólki áfram tækifæri til að setjast niður í fjárhúsið, en þátttakan var minni en í sumarsmiðjunum.

## Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn Byggðasafns Árnesinga fer með yfirstjórn safnsins. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins. Stjórn



Svipmynd úr Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Ljós. Ólafur Hannesson.

Byggðasafns Árnesinga hefur óskað eftir að gerður verði nýr þjónustusamningur við sveitarfélagið.

Í Sjóminjasafninu eru munir frá Eyrarbakka með áherslu á sjósókn, iðnað og félags- og menningarsögu síðustu 100 ára.

Stærsti og merkasti safngripurinn er áraskipið Farsæll, sem Steinn Guðmundsson skipasmiður á Eyrarbakka smíðaði fyrir Pál Grímsson,

útvegsbónda í Nesi í Selvogi. Steinn var helsti skipasmiður á Suðurlandi í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar og smíðaði hann yfir 400 skip og báta á sínum starfsferli. Farsæll er tólfróinn teinæringur með sérstöku lagi, sem Steinn innleiddi á báta sína og kennt hefur verið við hann og nefnt Steinslag. Það bátalag tók mið af aðstæðum í brimversstöðvunum á Suðurlandi, Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Selvogi, og þótti henta mjög vel þar.

Einnig eru sýnd veiðarfæri og búnaður sjómanna bæði frá árabátatímanum og upphafi vélbátaútgerðar. Upphaf handiðnaðar í þéttbýli á Suðurlandi var á Eyrarbakka og sýndir eru munir frá bakara, gullsmið, úrsmið, beyki og söðlasmið. Sjóminjasafnið á gott ljósmyndasafn sem varðveitt er að Búðarstíg 22.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Á vegum SÍS hefur verið unnið að gerð ítarlegrar bátaskrár sem kom út á árinu og eru sex bátar frá Sjóminjasafninu þar listaðir upp.

Beitningaskúrinn sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta stundum við í Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuaðferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrinn var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útflattur bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg.

Beitningaskúrin vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit. Huga þarf að umhverfi Beitningaskúrsins til framtíðar.

Gamla slökkvibílnum, sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og lagfært eftir þörfum. Hann er varðveittur í grófmunasal Búðarstígs 22 og fór á rúntinn á Jónsmessu.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar.

## Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær var gerður upp og opnaður 17. júní 2016 með sýningunni „Draumur aldamótabarnsins“ um líf alþýðunnar 1920-1940. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga var varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Kirkjubær er opinn á sama tíma og Húsið. Skemma Kirkjubæjar nýtist vel í safnakennslu en þar fá nemendur gjarnan leiðsögn og sýnikennslu í tóvinnu.



Ásthildur Magnúsdóttir sýnir framhaldsskólanemendum forni handbrögð við tóvinnu í Kirkjubæ.

## Rjórabúíð á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjórabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búíð varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjórabúíð er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Freyja Katra Erlingsdóttir sá um gæslu í rjórabúinu um helgar í júlí og ágúst. Lýður Pálsson safnstjóri sinnir húsvarðarstörfum þar til annar fæst í það mikilvæga starf. Guðlaugur Gunnar Jónsson var einnig til aðstoðar. Lýður tók einnig á mótí hópum.

Í stjórn Rjórabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari. Stjórnin fundar sjaldan en framkvæmdastjórn er í höndum Lýðs safnstjóra.

Til sölu í rjórabúinu er ritið Rjórabúíð á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.



**Rjómabúið á Baugstöðum á fögrum júlídegi sumarið 2023.**

Gestir ársins 2023 voru 291. Gestir ársins 2022 voru 281 talsins. Gestir ársins 2021 urðu 211 talsins. Gestir Covid-ársins 2020 voru aðeins 81. Gestir ársins 2019 voru 250 talsins. Gestir ársins 2018 voru 475 alls, mest Íslendingar. Gestir ársins 2017 urðu 437 talsins. Þeir voru aðeins 183 árið 2016. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugstöðum en 602 gestir árið 2009 en þá lauk ferðum Þórs Vigfússonar skólameistara með hópa.

Rjómabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga sem hluti af sýningahúsum safnsins og kynnt með ýmsum öðrum hætti.

## **Efling fræðslustarfs**

Unnið hefur verið að fræðslustarfi í safninu frá upphafi. En árið 2020 var tekin ákvörðun um eflingu fræðslustarfsins. Safnasjóður hefur styrkt átakið með myndarlegum hætti sem komið hefur fræðslustarfinu til góða.

Safnfræðsla er einn af hornsteinum safnastarfs og tengsl safna og skóla verða sífellt meiri og margslungnari. Nám fer ekki aðeins fram innan fjögurra veggja skólastofunnar. Kennarar í dag leita ýmissa leiða til að glæða nám nemenda sinna og bæta nýjum víddum við nálganir og kennsluáferðir.

Þá verða söfnin að hafa upp á eitthvað að bjóða. Nauðsynlegt er að eiga í sjóði metnaðarfull, vel ígrunduð og fræðandi verkefni sem eiga við námsefni þeirra hópa sem væntanlegir eru. Nú þegar hefur Byggðasafn Árnesinga komið sér upp dagskrá sem sniðin er að 4. bekk grunnskólanna. Þar hefur verið unnið markvisst í samstarfi við kennara á vettvangi og fræðsludagskráin mótuð í samvinnu við þá. Úr varð marglaga fræðsla sem hverfist um íslenska þjóðhætti áður fyrr. Unnar hafa verið skóladagskrár fyrir mörg skólastig eins og Lubba-verkefni fyrir leikskólann og viðamikil dagskrá fyrir trésmíðanema þar sem áherslupunkturinn er viðgerðir gamalla húsa. Á árinu vann Ragnhildur Elísabet með Magnúsi



**Safnakennsla. Ragnhildur Elísabet segir frá Húsinu.**

Karel Hannessyni að gerð kennsluefnis um viðgerðir og viðhald á gömlum húsum, ætlað húsasmíðanemum.

Byggðasafn Árnesinga er orðinn öflugur bandamaður skóla á öllum skólastigum í sýslunni og raunhæfur valkostur í hvers kyns fræðsluverkefnum. Mennt er máttur og safnið vill virkja skólasamfélagið á skapandi hátt þar sem samtalið er frjótt í báðar áttir og hægt að ná fram ýmsum flóknum langtímamarkmiðum líkt og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna svo dæmi sé tekið. Unnið markvisst að sama markmiði, safn og skóli!

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður leiðir starf Byggðasafns Árnesinga við eflingu fræðslustarfsemi Byggðasafns Árnesinga. Með henni hafa starfað aðrir fastir starfsmenn safnsins, auk tilfallandi sérfræðinga.

## Safnaráð

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem móta starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Samkvæmt lögunum geta viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknarskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahaldi og fyrirkomulagi sýningahalds. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Safnaráð hefur eftirlit með starfsemi safna og meðal annars aðbúnaði gripa á sýningum og í varðveislu aðstöðu. Byggðasafn Árnesinga gekk í gegnum slíkt eftirlitsferli Safnaráðs haustið 2016. Eftirfylgni með skýrslu 2017 var svo gerð með heimsókn forvarðar Safnaráðs árið 2021 og svo aftur 2022.



**Þann 14. febrúar tók Lýður Pálsson safnstjóri við styrkjum frá Safnasjóði úr hendi Lilju Daggar Alfreðsdóttur viðskipta- og menningarráðherra.**

Byggðasafn Árnesinga sækir árlega um verkefnastyrki til Safnaráðs til að styrkja starfsemi safnsins. Einnig um símenntunarstyrki sem nýttir hafa verið til ferðalaga á ráðstefnur og í kynnisferðir. Hafa styrkir Safnaráðs komið sér vel og stutt við faglega starfsemi safnsins og einstök verkefni.

Styrkir Safnaráðs til Byggðasafns Árnesinga urðu 5,4 milljónir króna í úthlutunum ársins 2023 sem varið var til ýmissa faglegra verkefna. Styrkur til Ásgrímsleiðarinnar var í samstarfi við Listasafn Árnesinga en einnig fékk Byggðasafn Árnesinga styrk til uppbyggingar fræðslustarfs, myndvæðingar í Sarp og eflingar varðveislu. Í lok ársins veiti svo Safnaráð safninu tvo 300 þúsund króna styrki til fræðsluferða og stafrænna kynningarmála.

## Samstarf

Vesturbúðarfélagið á Eyrarbakka vinnur að rannsóknnum sem tengjast Vesturbúðinni sem var verslunarhús Eyrarbakka frá 18. öld til 1925. Vesturbúðin var rifin af síðasta eiganda þess Kaupfélags Árnesinga árið 1950 og viðirnir fluttir til Þorlákshafnar þar sem reist voru salthús sem brunnu 1988. Tilgangur Vesturbúðarfélagsins er að stuðla að endurbyggingu Vesturbúðarinnar á sínum forna stað á Eyrarbakka. Liður í því ferli eru fornleifarannsóknir. Undir stjórn Ragnheiðar Gló Gylfadóttur



fornleifafræðings var unnið að uppgreftri syðsta hússins á árinu. Fornleifafræðingar hafa aðstöðu í Búðarstíg 22. Ragnheiður Gló greindi frá rannsóknum í fyrirlestri í október hjá safninu.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samskiptin urðu helst vegna nýrrar varðveisluaðstöðu að Búðarstíg 22. Einnig vegna reksturs Hússins á Eyrarbakka og fyrirhugaðra kaupa Þjóðminjasafnsins á húsinu Eyri, merku almúgahúsi á Eyrarbakka. Líklegt er að Byggðasafni Árnesinga verði falinn daglegur rekstur Eyrar þegar viðgerðum og aðlögun að safnahlutverki líkur. Fyrirhuguð safnastarfsemi í Eyri er ómótuð. Safnstjóri fundaði með forsvarsmönnum Þjóðminjasafns Íslands í febrúar og var rætt um samstarf safnanna í víðu samhengi.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra safna Sarpi. Þar er um að ræða mjög vel heppnað samstarf íslenskra safna um samræmda skráningu á menningararfi hvort sem það eru munir, ljósmyndir, listaverk, þjóðhættir, fornlifur eða örnefni. Rekstrarfélag Sarps er undir verndarvæng Landskerfis bókasafna. Til stendur að skipta um hugbúnað Sarps og var ákveðið að skipta við þýska fyrirtækið Zetcom GmbH um afnot af kerfunum MuseumPlus og eMuseumPlus. Kerfin munu leysa af hólmi núverandi hugbúnað sem drífur Sarp 3 og sarpur.is. Kerfin voru valin að undangengnu útboði. Zetcom þjónustar þúsundir gagnasafna fyrir söfn um allan heim.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands, einkum húsafriðunardeild.

Byggðasafn Árnesinga er aðili að starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem voru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Starfsemin hefur legið niðri í einn áratug.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerssetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga. Sat hann tvo fundi á árinu.

Ragnhildur Elísabet er í óformlegum samstarfshópi safnkennara á íslenskum söfnum.

Lýður Pálsson er aðalmaður í Minjaráði Suðurlands.

Ragnhildur Elísabet, Linda og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamanna. Lýður er félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna. Byggðasafn Árnesinga er með stofnana-aðild að FÍSOS.



**Búðarstígur 22.**

## Fundir, námskeið, vistaskipti og ráðstefnur

Starfsmenn sátu ýmsa fundi, ráðstefnur og námskeið á árinu sem tengdust safnastarfinu.

Í ágúst fór Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir í skipulagða ferð um Skotland þar sem kastalar, sýningar og söfn voru skoðuð.

Lýður Pálsson fór á Farskóla íslenskra safnamanna sem haldinn var í Amsterdam í Hollandi dagana 10. til 13. október. Skoðuð voru söfn, sýningar og varðveisluhús. Lýður fór einnig til Der Haage að skoða söfn. Safnaráð styrkti þátttöku Lýðs í farskólanum. Síðar í október fór Lýður til Kaupmannahafnar, aðallega í einkaerindum, en skoðaði í leiðinni nokkur söfn sér til ánægju og faglegs fróðleiks.

Linda Ásdísardóttir fór í vistaskipti til Minjasafnsins á Akureyri í byrjun nóvember. Hún kynnti sér starfsemina bæði hið ytra og innra.

## Kynningar- og markaðsmál - [www.byggdasafn.is](http://www.byggdasafn.is)

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV.

Auglýst er í nokkrum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Bæklingur safnsins er kominn til ára sinna og á margan hátt úreltur. Lögð hafa verið fram drög að nýjum kynningarbæklingi fyrir söfnin sem verður að veruleika á árinu 2024. Bjarki Guðmundsson ljósmyndari og Sýlvía Kristjánsdóttir starfa með safninu að gerð bæklingisins.

Síðunni [www.byggdasafn.is](http://www.byggdasafn.is) er haldið lifandi með uppfærslu fréttu af starfseminni og róteringu ljósmynda á forsíðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Drög að nýrri síðu leit dagsins ljós á árinu en vænta má frekari breytinga á henni árið 2024.

**Drengurinn, fjöllin og Húsið**



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

List Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir og Snorri Freyr Hilmarsson með Ásgrímssýningu sem með fleiru verða sýndar austur á Eyrarbakka.

## Ásgrímssýning

Æskuárin í lífi Ásgríms Jónssonar listmálara er þráður í sýningu Byggðasafns Árnesinga sem opnuð verður næstkomandi laugardag, 1. apríl. Ásgrímur var fæddur 1876 í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa en fór um fermingu í vist í Húsinu á Eyrarbakka og var vikapiltur hjá factorsfjölskyldunni. Sagt er að vistin þar og svo umhverfi, náttúra, fjölskylda, uppeldi, sveitugar og menning hafi mótað ungan listamann. Um þetta er fjallað á sýningunni sem ber yfirskriftina *Drengurinn, fjöllin og Húsið*.

Á næstunni verður opið í Húsinu milli klukkan 13 og 17, en sýningin er í einum af stofum þessarar einstöku byggingar. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir er verkefnisstjóri sýningarinnar en að málum koma einnig þau Snorri F. Hilmarsson leikmynda-hönnuður og Sýlvía Kristjánsdóttir sem er grafískur hönnuður. „Þetta er hluti af sögu Árnes-sýslu, saga drengs sem fylgdi hjartanu,“ segir Ragnhildur um þennan þátt í starfsemi Byggðasafns Árnesinga sem er 70 ára um þessar mundir.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins og gerð sýningaskilta fyrir sýningar safnsins.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Byggðasafn Árnesinga – Árnessýsla Heritage Museum“. Síðan er góð leið til að kynna starfsemi safnsins fyrir velunnurum sínum. Fjölbreyttu safnatengdu efni er varpað út á síðuna sem Linda og Lýður sjá um.

Instagram-síða safnsins er mötuð með margvíslegum fróðleik og sér Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir safnvörður um það.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+.


Safnið er í Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnið er þar kynnt meðal annarra safna á Suðurlandi og nýtur góðs af þátttöku í stofunni.

Ótalin er sú kynning sem felst í ókeypis umfjöllun í fjölmiðlum. Umfjallanir um ýmsa þætti safnastarfsins var á árinu að finna í Dagskránni á Selfossi, sunnlenska.is, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og þrívægis á Rás 1. Í júlí var útvarpað viðtali Guðmundar Pálssonar hjá Rás 1 við Lýð Pálsson um Rjómabúið á Baugsstöðum. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir fór í viðtöl hjá Morgunblaðinu og Rás 1 um Ásgrímssýningu safnsins og Ásgrímsleiðina. Lýður Pálsson safnstjóri fór í viðtöl hjá Morgunblaðinu, fréttastofu RUV og Rás 1 vegna 70 ára afmælis safnsins. Einnig var snemma á árinu tekið viðtal við Lýð sem sjónvarpað var í desember í jólaþætti þáttaflokksins „Fyrir alla muni“ en umfjöllunarefnið var gamla jólatréð frá Hruna.

## Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus,

Íbúafjöldi í Árnessýslu 2023	
Sveitarfélagið Árborg	11.239
Hveragerði	3.196
Svf. Ölfus	2.573
Bláskógabyggð	1.280
Hrunamannahreppur	874
Flóahreppur	708
Skeiða- og Gnúpvr.hr.	577
Grímsn. og Grafn.hr.	535
	<b>20.982</b>



Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Íbúafjöldi samkvæmt Hagstofu Íslands var 20.982 í ársbyrjun 2023 en 20.076 í ársbyrjun 2022 og 19.346 árið 2021. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur Brunavarna Árnessýslu, Tónlistarskóla Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og

Byggðasafns Árnesinga auk Almannaávarnanefndar Árnesháls. Til standa stjórnskipulagsbreytingar sem munu hafa lítil áhrif á starfsemi safnsins en héraðsnefndinni verður skipt upp í amk þrjú byggðasamlög. Formaður Héraðsnefndar Árnesinga er Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar en fulltrúar úr öllum átta sveitarfélögunum sitja í nefndinni eftir íbúatölu.

Héraðsnefnd Árnesinga kýs stjórn til tveggja ára í senn. Í stjórn sitja nú Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði, stjórnarformaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Árborg, varaformaður og Árni Eriksón, Flóahreppi, ritari. Varastjórn skipa Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði, Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppi og Sveinn Ægir Birgisson, Árborg. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er af Héraðsnefnd Árnesinga og er þar fjallað ítarlega um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnarfundir ársins urðu sjö talsins. Stjórnarformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Tekin eru fyrir áætlanir, ársskýrslur og ársreikningur áritaður. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar. Safnstjóri heldur stjórn upplýstum um starfsemina hverju sinni. Um eitt mál var fjallað án aðkomu safnstjóra að ósk hans sjálfs. Í stjórn urðu töluverðar umræður á árinu um fyrirkomulag hópahéimsókna þeirra sem koma ört með gesti á safnið. Mótaðar voru mjög skýrar reglur um það með þátttöku allra fagmenntaðra starfsmanna safnsins.



Háaloftið í Húsinu á Eyrarbakka. Ljós. Ólafur Hannesson.

## Um rekstur og fjárhag safnsins 2023

### Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	Fjárhags- áætlun 2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>				
Héraðsnefnd Árnesinga, framlag .....		82.700.000	82.700.000	70.400.000
Sveitarfélagið Árborg, framlag vegna Sjóminjasafns .....		7.245.000	7.245.000	7.250.389
Aðrar tekjur .....	8	15.471.007	14.371.522	14.653.334
		<u>105.416.007</u>	<u>104.316.522</u>	<u>92.303.723</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	9	54.714.487	57.589.824	46.847.765
Rekstur fasteigna .....	10	4.489.040	4.733.128	4.232.757
Annar rekstrarkostnaður .....	11	16.150.805	14.450.000	13.895.515
Afskriftir .....	5	8.721.709	8.670.062	8.670.062
		<u>84.076.041</u>	<u>85.443.014</u>	<u>73.646.099</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		21.339.966	18.873.508	18.657.624
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	12	( 22.162.840)	( 20.000.000)	( 25.177.692)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b> .....				
	6	<u>( 822.874)</u>	<u>( 1.126.492)</u>	<u>( 6.520.068)</u>

Eigið fé safnsins í fasteignum og bankainnistæðum nam 25,2 milljónum króna í árslok samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé og skuldir eru alls 262 milljónir króna.

Byggðasafn Árnesinga er með lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Á árinu 2017 og 2018 féllu á safnið kröfur vegna samkomulags um breytingar lífeyrismála opinberra starfsmanna. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Kröfurnar námu 14,3 milljónum króna. Í mars 2018 var tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta þessum kröfum. Í apríl árið 2019 var tekið 100 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að kaupa Búðarstíg 22 og fara í fyrstu framkvæmdir. Í febrúar og október 2020 voru tekin tvö 60 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til framkvæmda við Búðarstíg 22. Í árslok 2023 var skuld safnsins við Lánasjóð sveitarfélaga 206 milljónir króna.

Eyrarbakka 11. mars 2024

  
Lýður Pálsson, safnstjóri.